

Fimmtudaginn 26. október 1995 kl. 11:00

62. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/1995

**Kvörtun vegna samkeppnisstöðu Hótel Djúpuvíkur  
gagnvart gistiheimilinu Norðurfirði**

**I.**

**Málavextir**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 1. ágúst 1995, frá Evu Sigurbjörnsdóttur, hótelstýru, Hótel Djúpuvík hf., Kjörvogi, Árneshreppi, þar sem hún kvartaði yfir samkeppnisstöðu sinni gagnvart gistiheimilinu Norðurfirði, Árneshreppi.

Í erindinu segir m.a: „Í byrjun júlí 1995 var opnuð veitinga- og gistiþjónusta í verbúð í Norðurfirði. Húsnæðið er í eigu Árneshrepps, svo og allir innanstokksmunir. Rafmagn er sameiginlegt með öðrum hlutum hússins. Leiga fyrir húsnæðið á að greiðast með prósentu af innkomu fyrirtækisins. Verðlagning á þjónustu virðist vera langt undir því sem eðlilegt má telja borið saman við sams konar þjónustu annars staðar.“

Ennfremur segir: „Ég tel að hér sé um að ræða brot á samkeppnislögum og óska eftir því að Samkeppnisstofnun taki málið til athugunar. Það hlýtur að vera krafa okkar hér að samkeppni byggist á jafnréttisgrundvelli. Það hlýtur einnig að vera skýlaus krafa að svo verði búið um hnútana að slíkur rekstur sé alfarið með aðskilinn fjárhag frá bókhaldi hreppsins og sveitarfélagið sé ekki að mismuna íbúum sínum á þennan hátt.“

Erindið var sent oddvita Árneshrepps, Gunnsteini Gíslasyni, til umsagnar. Í umsögn sinni, dags. 19. ágúst, segir oddvitinn að sveitarfélagið hafi tímabundið leigt Bergþóru Gústavsdóttur húsnæði og áhöld til reksturs gistiheimilis í Norðurfirði. Um sé að ræða hluta af húsi, sem sé þrjú herbergi, eldhús og matsalur, u.þ.b. 120–150 fermetrar. Rafmagn var innifalið í leigunni. Ekki kom

fram í bréfi oddvitans hver leiga fyrir húsnæðið var. Um frekari upplýsingar vísaði oddvitinn til Bergþóru Gústavsdóttur.

Samkeppnisstofnun ritaði Bergþóru Gústavsdóttur bréf, dags. 30. ágúst, þar sem málið var kynnt fyrir henni og hún beðin um upplýsingar um leigusamning vegna gistiheimilisins og um verð á gistingu og mat. Fyrirspurnin var ítrekuð með bréfi 22. sept., þar sem svar hafði ekki borist. Bergþóra hafði samband símleiðis 10. október og óskaði eftir að gefa munnlega skýrslu. Hún mætti til viðtals við starfsmann Samkeppnisstofnunar sama dag.

Samkvæmt upplýsingum Bergþóru greiddi hún 40 þúsund krónur fyrir leigu í þá tvo mánuði sem gistiheimilið var rekið, þ.e. í júlí og ágúst. Húsnæðið var áður notað sem verbúð og þurfti að gera það hreint og gera ýmsar endurbætur, s.s. að setja upp ný gluggatjöld o.fl., til þess að það væri hæft til reksturs gistiheimilis. Að þessu vann Bergþóra í júní og var þessi vinna ekki dregin frá leigugjaldinu. Ekki voru keypt ný húsgögn eða gerðar aðrar endurbætur á húsnæðinu sem orð er á gerandi. Verð fyrir gistingu var kr. 1.500 fyrir svefnpokapláss og kr. 2.000 fyrir uppúíð rúm. Morgunmat var innifalinn.

Hótel Djúpavík hf. er rekið árið um kring og boðið er upp á þægileg eins og tveggja manna herbergi, góðan heimilismat og smárétti, segir í auglýsingu í bæklingnum „Á ferð um Ísland“.

Frá Djúpavík til Norðurfjarðar eru 30 km. Milli þessara staða er grunnskóli á Finnbogastöðum í Trékyllisvík. Þar rak sveitarfélagið sl. sumar svefnpoka-gistingu, með aðgangi að eldhúsi, sem var seld á kr. 1.100.

Gististaðirnir þrír í Árneshreppi buðu sl. sumar upp á mismunandi þjónustu og verð.

## II. Niðurstöður

Í lögum um grunnskóla nr. 49/1991 segir í 3. mgr. 30 gr.: „Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.“

Í lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988 7. mgr. 3. gr. segir: „*Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.*“

Sumargistingar eru reknar í skólum, samkvæmt þessum lagaheimildum, víða um land, m.a. á Finnbogastöðum.

Kærandi vísar ekki til ákveðinna greina samkeppnislaga í kæru sinni. Kæran byggist á því að verðlagning á þjónustu gistiheimilisins hafi verið langt undir því verði „*sem eðlilegt má telja borið saman við sams konar þjónustu annars staðar.*“ Ekki eru tiltekin dæmi þessu til stuðnings. Kærandi telur að samkeppni á svæðinu sé ekki á jafnréttisgrundvelli og er þess krafist að rekstur gistiheimilisins sé aðskilinn bókhaldi hreppsins.

Samkeppnisstofnun athugaði verðlista hjá Ferðaðþjónustu bænda hf. sumarið 1995 og var verð á svefnpokagistingu í rúmi kr. 1.250 og svefnpokagistingu á dýnu kr. 800. Morgunverður kostaði kr. 680. Uppbúin rúm í smáhýsum kostuðu kr. 1.950–2.950. Verð hjá gistiheimilinu á Norðurfirði var lægra en hjá Ferðaðþjónustu bænda hf. og munaði þar t.d. 430 krónum á svefnpokagistingu með morgunverði.

Í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga segir: „*Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.*“

Í því máli sem hér er til umfjöllunar var húsnæði í eigu sveitarstjórnar Árneshrepps leigt til reksturs gistiheimilis fyrir ákveðið gjald, sem væntanlega var álitid sanngjarnt af sveitarstjórn. Ekki var um rekstur á vegum

sveitarstjórnar að ræða, heldur einkaaðila, og því ekki efni til að beita 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum, m.a. með því að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og með því að auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður við rekstur gistiheimilisins á Norðurfirði séu brot á samkeppnislögum eða stríði gegn markmiðum laganna.**

**Erindi Evu Sigurbjörnsdóttur, Hótel Djúpuvík hf., frá 1. ágúst 1995 er vísað frá.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 24/1995](#)]*